

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „10. maí“ í 2. másl. 1. mgr. koma orðin: 12. maí.
- b. Orðin „og 1. desember“ í 3. másl. 2. mgr. falla brott.
- c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði hér að framan um jólaleyfi er heimilt að hafa sjúkrapróf og endurtökupróf á tímabilinu 19. til 22. desember og 3. janúar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. reglnanna:

- a. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Almenn próf eru haldin í allt að tólf daga á tímabilinu 23. nóvember til 13. desember og á tímabilinu 15. apríl til 12. maí eftir nánari ákvörðun deilda í samráði við prófstjóra.
- b. 3. másl. 3. mgr. orðast svo: Sjúkrapróf og endurtökupróf eru haldin í allt að sjö daga í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.
- c. 4. másl. 3. mgr. orðast svo: Í undantekningartilvikum er deildum heimilt, með samþykki prófstjóra og samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að ákveða að sjúkra- og endurtökupróf einstakra námskeiða á haustmisseri fari ekki fram í kjölfar almenns próftímabils haustmisseris heldur í kjölfar almenns próftímabils á vormisseri. Ákvörðun um það liggja fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.
- d. 1. másl. 5. mgr. orðast svo: Auglýsa skal próftöflu almennra prófa með tveggja mánaða fyrirvara.
- e. Á eftir orðinu „sjúkrapróf“ í 2. másl. 5. mgr. koma orðin: og endurtökupróf.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. reglnanna:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að halda sjúkrapróf og endurtökupróf vegna desemberprófa í allt að sjö daga í kjölfar almennra prófa í desember ár hvert.
- b. 3. másl. 2. mgr. orðast svo: Jafnframt er heimilt að halda sjúkrapróf og endurtökupróf vegna vormisseris í allt að sjö daga í maí og byrjun júní, samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.

4. gr.

Í stað orðanna „menntastefnur og námskrárfræði“ í 121. gr. reglnanna koma orðin: menntastefnur og matsfræði.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast gildi frá og með 1. júlí 2023.

Háskóla Íslands, 6. febrúar 2023.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.